


Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir

## MARKHÓPUR FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR OG TÖLFRÆÐI ÚR STARFINU 2009 - 2019

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslandsi fækkar Íslendingum sem hafa aðeins lokið grunnmenntun. Árið 2009 var hlutfall landsmanna í þeim hópi á aldrinum 25 – 64 ára um 30% en árið 2019 hafði hlutfallið í sama aldurshópi lækkað í 21,5%.



Því má áætla að markhópur framhaldsfræðslunnar sem skilgreindur er í lögum um framhaldsfræðslu [nr. 27/2010](#) hafi minnkað um 8% - 10% á landsvísu á síðastliðnum 10 árum. Þetta á sér margvíslegar skýringar en gera má ráð fyrir að úrræði framhaldsfræðslunnar hafi haft þónokkur áhrif.

### Tölfræði úr framhaldsfræðslunni

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) er að þróa framhaldsfræðslu með það að leiðarljósi að veita fólki, sem er á íslenskum vinnumarkaði og hefur ekki lokið formlegu námi úr framhaldsskóla, tækifæri á að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði í samræmi við ofangreind lög um framhaldsfræðslu.

FA hefur frá upphafi starfseminnar, árið 2003, safnað tölfræðigögnum um framkvæmd þeirra úrræða sem FA hefur þróað. Úrræðin sem um ræðir eru raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og námsleiðir

fyrir markhóp FA. Á árinu 2003 fóru fyrstu námsmennirnir í gegnum námsleiðir sem FA undirbjó til vottunar. Árið 2006 hófu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar að bjóða viðtöl um nám og störf til einstaklinga í markhópi FA og árið 2007 fóru fyrstu einstaklingarnir í gegnum raunfærnimat, fyrst í iðngreinum en síðan bættust fleiri greinar við.

### Námsleiðir

Eitt meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að semja námskrár og vinna með samstarfsaðilum að þróun þeirra. Námskrár FA eru fjölbreyttar og er ætlað að mæta jafnt þörfum þeirra sem námið sækja sem og þörfum atvinnulífsins. Árið 2009 buðu 10 samstarfsaðilar FA víðs vegar á landinu upp á nám samkvæmt vottuðum námsleiðum, árið 2011 hafði ein bæst í hópinn og tvær til viðbótar árið 2012 þegar þær voru orðnar 13.

Árið 2009 luku 2494 manns námi í 27 vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar sem kenndar voru í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um land allt. Af þessum fjölda var nám 1957 einstaklinga fjármagnað með styrkjum úr Fræðslusjóði en nám 537 einstaklinga fjármagnað með öðrum leiðum.

Árið 2019 luku 3040 manns námi úr 34 mismunandi vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar. Af þessum fjölda var nám 2340 einstaklinga fjármagnað með Fræðslusjóði og nám 700 fjármagnað með öðrum leiðum. Á töflu 2 má sjá fjölda nemenda sem luku námi í vottuðum námsleiðum 2009 – 2019 skipt eftir fjármagni.

Fjármagn	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Annað	537	1062	765	579	468	388	417	395	527	974	700
Fræðslusjóður	1957	2398	2486	2710	2615	2804	2706	2268	2583	2379	2340
<b>ALLS</b>	<b>2494</b>	<b>3460</b>	<b>3251</b>	<b>3289</b>	<b>3083</b>	<b>3192</b>	<b>3123</b>	<b>2663</b>	<b>3110</b>	<b>3353</b>	<b>3040</b>

Tafla 1. Fjöldi nemenda sem ljúka námi í vottuðum námsleiðum eftir fjármagni

Mest sóttu námsleiðir hafa breyst nokkuð á þessu tíu ára tímabili enda eru námsleiðir í stöðugri endurskoðun og nýjar námsleiðir teknar til kennslu. Ef hlutfall þeirra sem luku námi sem fjármagnað er af Fræðslusjóði er skoðað var Grunnmenntaskólinn vinsælasta námsleiðin árið 2009 þar sem 348 nemendur sóttu þá námsleið, Félagsliðabréu í öðru sæti með 175 nemendur og námsleiðin Aftur í nám með 174 nemendur. Þetta má sjá á töflu 2.

Tíu vinsælustu námsleiðir árið 2009	
Grunnmenntaskólinn	348
Félagsliðabréu	175
Aftur í nám	174
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum	152
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	136
Fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla	125
Leikskólaliði - brú	98
Grunnnám fyrir skólaliða	89
Landnemaskólinn	87
Færni í ferðaþjónustu I	78


Tafla 2. Tíu vinsælustu námsleiðir árið 2009 (greitt af Fræðslusjóði)

Árið 2019 voru Menntastoðir vinsælasta námsleiðin með 315 nemendur, Sterkari starfsmaður í öðru sæti með 223 nemendur og Smiðjur í því þriðja með 175 nemendur. Félagsliðabréu er enn vinsæl námsleið með 160 nemendur árið 2019. Þetta má sjá í töflu 3.

Tíu vinsælastu námsleiðir árið 2019	
Menntastoðir	315
Sterkari starfsmaður	223
Smiðja	175
Félagsliðabréu	160
Skrifstofuskólinn	142
Að lesa og skrifa á Íslensku	126
Sölu-, markaðs- og rekstrarnám	123
Fagnámskeið fyrir starfsmenn félags- og heilbrigðisþjónustu	109
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	108
Íslensk menning og samfélag	107

Tafla 3. Tíu vinsælastu námsleiðir árið 2019 (greitt af Fræðslusjóði)

Konur eru jafnan duglegri við að sækja vottaðar námsleiðir hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um allt land og er hlutfall þeirra sem ljúka námi er yfirleitt í kringum 65% en karla 35%, þó hefur körlum farið fjölgaandi. Þetta má sjá á mynd 2.



Af þeim þrettán fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum sem kenna vottaðar námsleiðir FA eru 9 víðsvegar á landsbyggðinni og fjórar á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutfall milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Höfuðborgarsvæðið	38%	33%	37%	31%	36%	38%	34%	34%	33%	30%	32%
Landsbyggðin	62%	67%	63%	69%	64%	62%	66%	66%	67%	70%	68%

*Tafla 4. Hlutfall nemendafjölda sem sækja vottaðar námsleiðir á höfuðborgarsvæði og landsbyggð (greitt af Fræðslusjóði)*

Nánari tölfræði um námsleiðir má finna [hér](#).

### Ráðgjöf um nám og störf

Ráðgjöf um nám og störf hefur verið í boði fyrir markhóp FA frá árinu 2006, einstaklingum að kostnaðarlausu. Ef skoðaður er fjöldi viðtala á tíu ára tímabilinu 2009 – 2019 má sjá að viðtölum fjölgaði töluvert á milli árunna 2009 – 2010 vegna aðgerða framhaldsfræðslunnar á þeim tíma vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Árið 2015 dró heldur úr fjöldanum aftur en hefur á undanförunum árum aukist aðeins.

Á töflu 6 má sjá fjölda viðtala eftir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á þessu tímabili. Árið 2009 buðu 12 símenntunarmiðstöðvar upp á viðtöl sem greidd voru af Fræðslusjóði, árið 2010 bættist ein við og árið 2015 voru þær orðnar 14.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Austurbrú	331	686	484	452	294	274	245	138	262	323	233
Farskólinn á Norðurlandi vestra	225	236	129	91	175	293	294	257	276	269	247
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	195	472	451	394	331	429	406	403	397	407	527
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi	394	479	583	622	657	777	454	716	701	688	690
Fræðslusetrið Starfsmennt		173	246	285	201	286	326	85	39	166	54
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	230	525	298	509	357	465	471	370	454	400	211
Framvegis miðstöð símenntunar ehf.							137	273	231	397	581
IÐAN fræðslusetur	1068	1722	2254	2305	2990	2421	2216	2757	1841	2253	2449
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	1375	2102	1870	1319	1223	1354	906	846	829	808	1074
Mímir - símenntun	1759	2446	2827	2588	3039	2418	1324	1322	1523	1698	1597
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	330	810	611	368	384	525	528	412	521	496	378
Símey	501	616	555	688	867	635	766	929	736	600	652
Þekkingarnet Þingeyinga	240	342	402	446	406	359	323	354	578	668	525
Viska	119	190	158	150	165	170	220	181	302	300	230
<b>Heildarfjöldi viðtala</b>	<b>6767</b>	<b>10799</b>	<b>10868</b>	<b>10217</b>	<b>11089</b>	<b>10406</b>	<b>8616</b>	<b>9043</b>	<b>8690</b>	<b>9473</b>	<b>9448</b>


*Tafla 5. Fjöldi viðtala eftir símenntunarmiðstöðvum 2009 – 2019*

Árið 2017 var farið að skrá upplýsingar framhaldsfræðslunnar í INNU og hefur það gefið góða raun. Þær tölur gefa möguleika á að sækja upplýsingar um hversu margir einstaklingar hafa nýtt sér viðtölin.


Ártal	2017	2018	2019
<b>Fjöldi viðtala</b>	8690	9473	9448
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	2990	2761	2724
<b>Meðalfjöldi viðtala pr. einstakling</b>	2,91	3,43	3,47

*Tafla 6. Meðalfjöldi viðtala pr. einstakling 2017 - 2019*


Meirihluti ráðþega sem sækja þessa þjónustu eru á aldursbilinu 26 – 40 ára og þar á eftir er aldurshópurinn 41 – 55 ára eins og sjá má á mynd 3.




Fleiri karlar sækja sér ráðgjöf um nám og störf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum en það skýrist mikið til af raunfærnimati, en eins og sést í næsta kafla eru karlmenn í meirihluta þeirra sem sækja raunfærnimat en náms- og starfsráðgjöf gegnir mikilvægu hlutverki í matinu. Kynjahlutfallið árin 2009-2019 má sjá á mynd 4.



Ráðgjöf um nám og störf sem greidd er af Fræðslusjóði miðast við að greiða viðtöl fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar og það endurspeglast í menntunarstigi þeirra sem sækja þessa þjónustu. Á mynd 5 má sjá menntunarstig ráðþega 2009 – 2019.



Innflytjendur hafa nýtt sér ráðgjöf um nám og störf í auknum mæli undanfarin ár. Þetta má glögg sjá að mynd 6.



Nánari tölfræði um náms- og starfsráðgjöf má finna [hér](#).

### Raunfærnimat


Raunfærnimat samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti svo sem starfsreynslu, starfsnámi, skólanámi, frístundanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Námsfer ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við allskonar aðstæður í alls konar samhengi og með raunfærnimati getur einstaklingur fengið mat á hæfni/færni óháð því hvernig hennar hefur verið aflað.

Raunfærnimat hefur verið framkvæmt af samstarfsaðilum FA frá árinu 2007, fyrst í iðngreinum og svo bættust aðrar greinar við. Frá árinu 2007 hafa 5530 einstaklingar í heild lokið raunfærnimati til ársins 2019. Ef skoðað er tímabilið 2009 til 2019 kemur í ljós að sífellt fleiri nýta sér þessa leið til dæmis til að styrkja sig í starfi eða stytta nám. Árið 2009 fóru 242 einstaklingar í gegnum raunfærnimat en árið 2019 voru þeir 556. Flestir hafa farið í gegnum raunfærnimat í löggildum iðngreinum en þeim sem nýta sér þessa leið í öðrum greinum fer sífellt fjölgandi og árið 2016 voru þeir sem fóru í raunfærnimat í öðru en iðngreinum orðnir jafnmargir og þeir sem fóru í raunfærnimat í iðngreinum. Á töflu 7 má sjá skiptingu milli flokka raunfærnimats á tímabilinu 2009 – 2019.


Fjöldi einstaklinga sem ljúka raunfærnimati 2009 - 2019											
Ártal	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
<b>Almennar bóklegar greinar</b>							35		12	10	16
<b>Löggildar iðngreinar</b>	205	269	266	241	316	398	192	232	194	243	241
<b>Viðmið atvinnulífsins</b>	37	97	35	16		18	48	32	81	20	24
<b>Starfsnám</b>		18	110	166	53	272	293	264	154	304	275
<b>Fjöldi einstaklinga á ári</b>	<b>242</b>	<b>384</b>	<b>411</b>	<b>423</b>	<b>369</b>	<b>688</b>	<b>568</b>	<b>528</b>	<b>441</b>	<b>577</b>	<b>556</b>

Tafla 7. Fjöldi einstaklinga sem ljúka raunfærnimati eftir flokkum 2009 – 2019

Frá byrjun raunfærnimats á Íslandi hafa karlar verið í meirihluta vegna raunfærnimats í iðngreinum. En síðustu ár hefur konum verið að fjölga samfara raunfærnimati í fjölbreyttari greinum. Árið 2009 var 80% þeirra sem fóru í raunfærnimat karlar en konur 20%, en árið 2019 voru karlar 58% og konur 42%. Á mynd 7 má sjá kynjaskiptingu í raunfærnimati 2009 – 2019.




Meirihluti einstaklinga sem ljúka raunfærnimati eru á aldrinum 31 – 40 ára þegar þeir ljúka matinu. Á mynd 8 má sjá línurit með aldurskiptingu einstaklinga sem luku mati 2009 – 2019.



Erlendum ríkisborgurum sem ljúka raunfærnimati hefur einnig fjölgað á undanförunum árum. Árið 2009 voru allir sem luku raunfærnimati Íslendingar en árið 2019 voru 16% þeirra sem luku raunfærnimati af erlendum uppruna. Þetta má sjá á mynd 9.





Nánari tölfræði um raunfærnimat má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar um tölfræði framhaldsfræðslunnar má finna heimasíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

### Heimildir

Hagstofa Íslands. (2020, 2 13). *Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands*. sótt af Hagstofa Íslands: [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_vinnumarkadur\\_\\_vinnumarkadsrannsókn\\_\\_3\\_arstolur/VIN01201.px/?rxid=defc8377-3f73-449c-a5b8-349a6c1c156a](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnumarkadsrannsókn__3_arstolur/VIN01201.px/?rxid=defc8377-3f73-449c-a5b8-349a6c1c156a)

i

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Vinnuafli er samtala af starfandi og atvinnulausum. Frávíkshlutfall er yfir 20% þegar fjöldi er minni en 1.000. Tölur eru námundaðar að næsta hundraði ef fjöldinn er meiri en 50. Ekki er tryggt að tölur gangi upp í samtölur vegna námundunarinnar. Tölurnar eru birtar samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED 2011. Nánari upplýsingar um menntunarflokkunina má finna [hér](#).

---

## Um höfundinn



**Guðrún Eira Öfjörð Ólafsdóttir** starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Helstu verkefni Guðrúnar hjá FA tengjast úrvinnslu tölfraeðigagna, kynningarmálum, upplýsingasöfnun meðal samstarfsaðila og verkefnastjórn.